

um fyrir Framhaldsskólann á Laugum, tækifærisleyfi til að halda árlega söngvakeppni, Tónkvíslin – söngvakeppni FL í íþróttahúsi Framhaldsskólans á Laugum, laugardaginn 27. febrúar nk. Frá kl. 19:00-23:59.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við tímabundna tækifærisleyfið fyrir sitt leyti.

5. Erindi frá Fosshóli ehf.

Fyrir fundinum liggur erindi frá Gesti Helgasyni f.h. Fosshóls ehf. dags. 3. febrúar s.l. þar sem hann tilkynnir lokun á almenningsklósettum á Fosshóli til frambúðar. Gestur segir að það sé m.a. gert þar sem standi til að byggja upp 12-20 vel útbúin salerni við verslunina á staðnum. Með vorinu stendur til að bora eftir köldu vatni í landi Fosshóls fyrir þessi salerni og aðra starfsemi á staðnum en vegna siaukinnar notkunar hefur vatnsleysi verið til boga á staðnum. Af því tilefni er sveitarfélaginu boðið að tryggja sér vatn til framtíðarnota gegn 1/3 þátttöku í kostnaði, þó að hámarki ein m.kr. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir 1. júní n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í kostnaði að hámarki ein m.kr. og að með samningi verði sveitarfélaginu tryggður aðgangur að köldu vatni á staðnum. Sveitarstjórn samþykkir eina m.kr. sem viðauka við fjárhagsáætlun 2016 sem mætt verði með handbæru fé. Sveitarstjóra falið að ganga frá fyrrgreindum samningi.

6. Erindi frá Skipulagsstofnun

Lagt fram erindi frá Ottó B. Óskarssyni f.h. Skipulagsstofnunar dags. 4. desember s.l. Skipulagsstofnun hefur til meðferðar tillögu fyrirtækis að matsáætlun vegna Sprengisandslínu. Stofnunin hefur verið að fara yfir þær athugasemdir sem bárust við tillögunni. Í þeim athugasemdum, sem eru samhljóða, auk annarra athugasemda hefur verið vikið að mögulegu sameiginlegu umhverfismati línunnar og annarra framkvæmda sem eru fyrirhugaðar af hálfu Landsnets. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um að í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd séu fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar séu háðar hver annarri geti Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Með vísan í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er óskað eftir

afstöðu Þingeyjarsveitar til þess hvort framangreind lagaskilyrði 2. mgr. 5. gr. matslaganna séu uppfyllt þannig að stofnunin geti tekið ákvörðun um hvort að ráðast þurfi í sameiginlegt umhverfismat Sprengisandslínu og framangreindra framkvæmda eða ekki.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun með sex atkvæðum, Ragnar Bjarnason sat hjá:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur að styrking raforkuflutningskerfis á Norðausturlandi með bættum raforkuflutningi milli Blöndu og Kárahnjúkavirkjunar sé forgangsatríði fyrir landshlutann og að brýnt sé að ráðast verði í þá framkvæmd óháð því hvort og þá hvenær ráðist verði í fyrir hugaðra Sprengisandslínu. Sveitarstjórn telur að Sprengisandslína sé fyrst og fremst ætluð til styrkingar á byggðalínunni og því sé um aðskildar framkvæmdir að ræða sem ekki eru háðar sameiginlegu umhverfismati.

7. Einbýlishús á Hafralæk

Sala á einbýlishúsi sveitarfélagsins á Hafralæk (svokallað Bobshús) tekin fyrir. Sveitarstjóri gerði grein fyrir kauptilboði sem borist hefur í eignina.

Sveitarstjóra falið að ganga frá sölunni samkvæmt fyrirbyggjandi kauptilboði og umræðum á fundinum. Árni Pétur Hilmarsson vék af fundi vegna vanhæfis.

8. Ljósleiðaravæðing – staða mála

Umræðum framhaldið um fyrirhugaða ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu. Árni Pétur gerði grein fyrir vinnufundi starfshópsins um ljósleiðaravæðingu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

DALAKOFINN

Á laugardagskvöldið næsta 20.febrúar verður opið til miðnættis. Eurovision verður á breiðtjaldinu. Eldhúsið verður opið til kl. 20. Drifum okkur uppúr sófanum og hittum mann og annan.
Sama góða verðið á barnum.

Næsta kótelettukvöld verður föstudaginn 18.mars.
Síðast var uppselt svo það er um að gera að panta snemma.

Verið velkomin,
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464-3344 dalakofinn.is

Aðalfundurur

Kvenfélags Aðaldæla

verður haldinn í Ýdölum
sunnudagskvöldið 28 feb. Kl 20.30.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin

3.liður fundargerðar; Illugastaðir, aðal- og deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið svo breytt og tillögu að breytingu á aðalskipulagi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku deiliskipulagsins og breytingar á aðalskipulagi eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

4. liður fundargerðar; Miðhvammur í Aðaldal, deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir að heimila umsækjanda að vinna tillögu að deiliskipulagi á sinn kostnað skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Málefni Leigufélags Hvamms ehf.

Oddviti gerði grein fyrir viðvarandi taprekstri hjá Leigufélagi Hvamms á liðnum árum og miðað við fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2016 verður áfram tap á rekstri þess. Þess er óskað að eigendur félagsins lýsi því yfir skriflega að þeir muni styðja við félagið a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár og þar með leggja grunn að forsendum reiknisskila félagsins sem miðast við áframhaldandi rekstur.

Sveitarstjórn lýsir því hér með yfir að þeir muni styðja við Leigufélag Hvamms ehf. út yfirstandandi rekstrarár 2016.

3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Kiðagil ehf.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 5. febrúar s.l. þar sem Magnús Skarphéðinsson sækir um, sem forsvarsmaður fyrir Kiðagil ehf., endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga í Kiðagili í Bárðardal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis fyrir sitt leyti.

4. Tímabundið tækifærisleyfi til skemmtanahalds – Tónkvíslin

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 10. febrúar s.l. þar sem Sigurbjörn Árni Arngrímsson sækir



Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
11.02.2016
[185. fundur](#)
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Margrétar Bjarnadóttur, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 4. lið; Tímabundið tækifærisleyfi til skemmtanahalds – Tónkvíslin. Aðrir liðir færast neðar á dagskrána sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 04.02.2016
2. Málefni Leigufélags Hvamms ehf.
3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Kiðagil ehf.
4. Tækifærisleyfi til skemmtanahalds – Tónkvíslin
5. Erindi frá Fosshóli ehf.
6. Erindi frá Skipulagsstofnun
7. Einbýlishús á Hafralæk
8. Ljósleiðaravæðing – staða mála

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 04.02.2016

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 4. febrúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 6 liðum.

1.liður fundargerðar; Norðausturvegur um Skjálfandaflljót.
Sveitarstjórn samþykkir að Skipulags- og umhverfisnefnd hefji vinnu við breytingar á aðalskipulagi þar sem valkostir Vegagerðarinnar verði teknir til nánari umfjöllunar.

2.liður fundargerðar; Vaglaskógur, deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið svo breytt og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku deiliskipulagsins eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Aðalfundur

Búnaðarfélags Ljósavatnshrepps

Verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2016
kl. 13:00 í Ljósveitingabúð.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Áncægjufundur Kvenfélags Ljósveitinga

verður haldinn miðvikudagskvöldið 24. febrúar
nk. kl. 20:30 á Úlfsbæ hjá Guðrúnu.

Takið endilega með ykkur gesti.

Allar konur ávallt velkomnar.

Varastjórn Kvenfélags
Ljósveitinga

Aðalfundur Búnaðafélags Reykdæla

Verður haldinn í Dalakofanum
Mánudaginn 22. febrúar kl. 13.30
Venjuleg aðalfundarstörf
Nýir félagar velkomnir

Stjórnin



Rauði krossinn
Þingeyjarsýslu

Aðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu verður haldinn í
Þingeyjarskóla, Hafralæk kl. 18:00 fimmtudaginn 3. mars.
Rauða kross félagar eru hvattir til að mæta á fundinn en
einnig eru nýir félagar velkomnir.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu



Konudagstónleikar Söngfélagsins Sálubótar

Þingeyingar og nærsveitamenn.

Munum eftir konudagstónleikunum í Stórutjarnaskóla
sunnudaginn 20. febrúar kl 15:00.
Kórsöngur, karlasöngur, kvartettsöngur, einsöngur og
kaffihlaðborð.

Miðaverð er 2.500,- fyrir fullorðna,
1.000,- fyrir 6-16 ára og frítt fyrir þá sem eru yngri.

Sjáumst söngfélagið Sálubót



Messa Einarstöðum

Almenn guðspjónusta verður á Einarstöðum
næstkomandi sunnudag, 21. febrúar klukkan 11:00.
Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.



Konudagshelgi í Mývatnssveit

Það er orðin hefð hjá okkur á Sel-Hótel Mývatni að halda upp á konudaginn og öll helgin er undirlögð.

Við þjóðum upp á tilboð í gistingu 13.000,- tveggja manna herbergið, nóttin ásamt morgunverði og 10.000,- aukanóttin. Eins manns herbergið á 11.000,- og kr. 9.000,- aukanóttin. Morgunverður innifalinn.

Á laugardagskvöldinu mun Húsvíkingurinn, Guðni Braga spila ljúfa tóna undir borðhaldi. Í boði verður 3ja rétta kvöldverður á 7.900,- pr. mann

Á konudaginn sjálfan verður boðið upp á fjölbreytilegan árbít/brunch kl. 12 til 14 ásamt sagnagledi.

Við munum fá til okkar skemmtilega sagnamenn til að kítla hláturtaugarnar. Að þessu sinni eru það hinn skagfirski hreppamaður, Ólafur Sigurgeirsson á Kálfsstöðum í Hjaltadal „fiskasálfræðingur“ við Háskóla, hinn mývetnski laugdælingur, skólástjóri og margfaldur heimsmeistari íþróttifrétta manna í 800 m hlaupi, Sigurbjörn Árni Arngrímsson ásamt hinum hreinræktaða þingeyksa hrúti, Jóhannesí Sigfússyni frá Gunnarsstöðum í Þistillirði.

Verð á sagnagledina og á árbítinn kr. 3.900,- pr. mann. Allar konur sem að koma þjóðlegar uppá-búnaar í upphlut eða peysufötum fá frítt á skemmtunina og árbítinn. Einnig munu allar konur fá glæðning á konudaginn sjálfan.

Munið að panta í tímanlega í síma 464 4164 eða á myvatn@myvatn.is



Guðni Braga



www.myvatt.is

Nánari upplýsingar á Sel-Hótel Mývatni s. 464 4164 eða myvatn@myvatn.is



MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA
SAFNAHÚSIÐ Á HÚSAVÍK

Opinn kynningarfundur um þjóðfræðinám við Háskóla Íslands

Haldinn í Safnahúsinu föstudaginn 19. febrúar kl. 16:30
Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði, kynnir þjóðfræðinám við HÍ og spjallar við gesti.
Heitt á könnunni, allir velkomnir.

Þorraþræll

Fyrirlestrar í Safnahúsinu laugardaginn 20. febrúar kl 13:30-15:30
Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði
Sagnagrunnur, Sigurður Málari og Jón Árnason: Þrír nýjir gagnagrunnar sem tengjast menningararfí Íslands

Jan Klitgaard, þjóðfræðingur
Matarmening og sjálfsmynd bænda í lok 19. aldar í Skast/Görðing
Herred og Þingeyjarsýslu

Sigurlaug Dagsdóttir, Þjóðfræðingur
Líkaminn og ljósmyndin

Kaffi og spjall
Allir hjartanlega velkomnir



Auglýsing um fyrirhugað deiliskipulag í Miðhvammi í Aðaldal.

Á jörðinni Miðhvammi í Aðaldal er stundaður hefðbundinn landbúnaður en fyrirhugað er að vinna deiliskipulag vegna uppbyggingar á gistirekstri á jörðinni sem aukastarfsemi með landbúnaði. Gert er ráð fyrir gistirekstri í þremur smáhýsum á heilsársgrundvelli með það fyrir augum að styðja við búsetu á jörðinni með samnýtingu starfskrafta og nýtingu á eigin framleiðslu.

Skipulagssvæðið nær yfir spildu á milli Hvammavegar (853) og núverandi bygginga í Miðhvammi. Svæðið afmarkast af trjábelti til norðurs, helgunarsvæði Hvammsveggar til austurs og aðkomuvegi að núverandi byggingum til suðurs og vesturs. Stærð skipulagssvæðisins er um 1,0 ha.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórn við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing skv.1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með fimmtudeginum 18. febrúar til og með fimmtudeginum 3. mars 2016. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://thingeyjarsveit.is> undir: Skipulagsmál/Deiliskipulag/Tillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 3. mars til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/ eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.
Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

7.tbl.
18. febr
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Tónkvíslin 2016
27. febrúar

Forsala á
tonkvislin@laugar.is

Fullorðnir - 3.000
Meðlimir NFL - 2.500
Grunnskólanemar - 2.000
Frítt fyrir börn á leikskólaaldri

Gestur kvöldsins er
Eyþór Ingi!

Bein útsending
Á BRAVÓ

500 kr afsláttur af öllum miðum í forölu

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum fyrir kl. 15:00. 😊

ATH!

Verð á auglýsingum frá og með 10 janúar 2016

Verð hálsíðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386